

3. fundur 11. maí 2020 – fundur haldinn í fjarfundi

Dagskrá:

1. Covid -19

Eiður talaði um að veiran hefði ekki haft áhrif á rekstur FVSA enn, þá tók hann stöðuna hjá hinum stjórnarmönnum og þeirra vinnustöðum. Misjöfn staða er í fyrirtækjum, víða er staðan nokkuð eðlileg en slakari annars staðar.

2. Reikningar frá Lögmönnum Laugarvegi 3, Reykjavík, vegna vinnu fyrir einn félagsmann, en vinnu stofunnar hafði verið hafnað af hálfu félagsins. Stjórn hafnaði reikningnum alfarið.

3. Saga FVSA

Jón Þ Þór hefur skrifað söguna en telur sig ekki hafa meira að segja. Ritnefnd finnst vanta skrif vegna síðustu 30 ára og hefur Bragi Bergmann tekið að sér að skrifa restina og samþykkir stjórnin það. Tilboð Braga 2.000.000.-

4. ASÍ

Rætt um drög ASÍ vegna komandi aðgerða.

5. 4 mánaða uppgjör

Farið var yfir 4 mánaða uppgjör og það samþykkt.

6. Önnur mál

Rætt um opnun á orlofshúsum félagsins sem hafa verið lokað undanfarið vegna Covid-19

Eiður sagði frá þingi ASÍ sem væntanlega verður haldið 21. – 23. október n.k

Halldór Óli spurði um stöðuna hjá Íslenskum verðbréfum. Þá spurði hann út í nýjan starfsmann vegna Virk.

Fleira ekki á dagskrá.